

Dvalarheimili á höfuðborgarsvæðinu

- Hrafnista DAS, v/ Skjólvang,
Hafnarfirði www.hrafnista.is
- Dvalarheimilið Fell, Skipholt 21,
Reykjavík
- Grund, dvalar- og
hjúkrunarheimili, Hringbraut 50,
Reykjavík www.grund.is
- Hrafnista DAS, v/ Laugarás,
Reykjavík www.hrafnista.is

Upplýsingar

um dvalarheimili um allt land og umsóknarferli
eru m.a. á heimasíðum Landlæknisembættisins
og velferðarráðuneytisins:

www.landlaeknir.is, www.vel.is, www.tr.is, www.sjukra.is, www.island.is

Sjá einnig löggjöf:

Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Rg. um færni- og heilsumat vegna dvalar-
og hjúkrunarrýma nr. 466/2012.

Rg. um greiðslur öldrunarstofnana fyrir
heilbrigðisþjónustu nr. 427/2013.

Rg. um styrki vegna hjálpartækja nr.
1155/2013.

Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.



Að sækja um búsetu á dvalarheimili

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, FLÆÐISSVIÐ, FÉLAGSRÁÐGJÖF
ÖLDRUNARÞJÓNUSTA, JANÚAR 2017

SAMANTEKT OG ÁBYRGÐ:
STEINUNN K. JÓNSDÓTTIR FÉLAGSRÁÐGJAFI

BÆKLINGAR ÖLDRUNARÞJÓNUSTU:
ÞJÓNUSTUNA HEIM
HJÚKRUNARHEIMILI
DVALARHEIMILI

UMBROT:
SAMSKIPTADEILD LSH



Upplýsingar fyrir eldri borgara og aðstandendur þeirra

Þjónusta

Þegar færni til að sjá um sig minnkar er hægt að sækja um margvíslega aðstoð til að halda áfram að búa heima. Má þar nefna heimaþjónustu, heimahjúkrun, dagdvöl, akstursþjónustu, heimsendan mat og hvíldarinnlagnir.

Stefna stjórnvalda er að fólk geti búið á eigin heimili með viðeigandi þjónustu þar til þörf er fyrir búsetu á hjúkrunarheimili.

Aðrir húsnæðismöguleikar með lægra þjónustustigi geta einnig átt við. Má þar nefna hentugar íbúðir með góðu aðgengi að þjónustu (virkniíbúðir). Einnig búsetu með aðgangi að aðstoð allan sólarhringinn (þjónustu- og öryggisíbúðir) og dvalarheimili.

Dvalarheimili

Umsókn um færni- og heilsumat

Fyrsta skrefið í umsókn um dvalarheimili er að sækja um færni- og heilsumat. Umsóknareyðublað er m.a. á: www.landlaeknir.is og www.island.is

Umsókn skal senda til viðeigandi færni- og heilsumatsnefndar og eru upplýsingar um aðsetur aftast á umsóknareyðublaðinu. Færni- og heilsumatsnefnd er skipuð öldrunarlækni, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi.

Færni- og heilsumatsefnd sér um að kalla eftir ítarlegri gögnum frá fagfólki. Við matið er þörf fyrir sólarhrings-umönnun skoðuð og hvort búseta heima með viðeigandi þjónustu sé fullreynd. Ef ekki er talin þörf fyrir búsetu á dvalarheimili er umsókn synjað og bent á önnur úrræði og er hægt að sækja aftur um síðar.

Þegar umsókn er samþykkt tilgreinir umsækjandi þau heimili sem hann velur að umsókn sé skráð hjá, sem fá þá rafrænan aðgang að umsókn og gögnum.

Færni- og heilsumatsnefnd tilnefnir tvo umsækjendur í hvert pláss sem losnar á dvalarheimili, og velur heimilið milli þeirra.

Ef umsækjandi er ekki fluttur innan 12 mánaða þarf að endurnýja matið.

Aðstaða á dvalarheimili

Dvalarrými eru eingöngu ætluð fyrir 67 ára og eldri.

Dvalarrými eru fá á höfuðborgarsvæðinu og flest þeirra eru staðsett á Hrafnistu í Hafnarfirði. Að meðaltali flytja tveir umsækjendur á mánuði úr heimahúsi í dvalarrými.

Í þjónustu á dvalarheimilum felst fullt fæði, aðstoð, umönnun, lyf, læknishjálp og hjálpartæki, nema hjólastólar, sem sótt er um til Sjúkratrygginga Íslands.

Gert er ráð fyrir að sá sem flyst á dvalarheimili sé að mestu sjálfbjarga með eigin umsjá við flutning á heimilið og komist um innan dyra á heimilinu án aðstoðar starfsmanns.

Veitt er minni umönnun en á hjúkrunarheimilum og getur íbúi þurft að flytjast á hjúkrunardeild eða hjúkrunarheimili síðar. Íbúar búa í einstaklingsherbergjum.

Breytingar á fjárhagsstöðu við flutning á dvalarheimili

Dvalarheimili eru rekin á daggjöldum og við flutning falla niður greiðslur frá TR. Íbúar halda allt að 88.088 kr. tekjum á mánuði, eftir staðgreiðslu. Umframtekjur innheimta heimilin til þátttöku í vistunargjaldi. Kostnaðarþátttaka hefst næstu mánaðamót eftir flutning þangað. Þeir sem hafa lágar eða engar tekjur eiga rétt á vasapeningum. Óskertir vasapeningar eru 68.662 kr. á mánuði en skerðast um krónu á móti krónu.

Tekjur eru allar skattskyldar tekjur, þar með taldar lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur. Séreignarlífeyrissparnaður er ekki talinn með. Greiðsluþátttaka íbúa er að hámarki 395.305 kr. á mánuði.

Á árinu 2016 er við útreikning á vistunargjaldi heimilt að bera núverandi reglur saman við fyrri reglur. Tryggingastofnun reiknar út hvað er hagstæðast fyrir íbúa og dvalarheimili innheimtir í samræmi við það. Hægt er að færa skattkort á maka sem býr áfram heima. Maki sem býr einn heima og er lífeyrisþegi getur sótt um heimilisuppbót. <http://www.tr.is/aldradir/dvalar--og-hjukrunarheimili/thattaka-i-dvalarkostnadi/um-utrekning-a-thattoku-i-dvalarkostnadi-arid-2017/>

Greiðsluþátttaka lífeyrisþega tekur gildi þegar fólk hefur dvalið á sjúkrahúsi í 6 mánuði á sl. 12. mánuðum. Hægt er að sækja um frestun á greiðsluþátttöku t.d. vegna hárrar greiðslubyrði af húsnæði (Umsókn um framlengingu bóta). Upphæðir miðast við upplýsingar TR í janúar 2017.